

Ed.

404. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Efnisatriði þessa frv. eru tvö:

- a. Samkv. 1. gr.: að heimild ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast lán fyrir fiskveiðasjóð samkv. l. nr. 40 frá 1955 hækki úr 50 millj. kr. í 150 millj. kr.
- b. Samkv. 2. gr.: að heimila sjóðnum, þegar hann endurlánar erlent lánsfé, að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.

Áætlað er, að lánveitingar sjóðsins á þessu ári nemi um 130 millj. kr. Tekjur sjóðsins og handbært fé 1961 er áætlað um 75 millj. kr. Það eru þess vegna horfur á því, að sjóðinn skorti um 55 millj. kr. á þessu ári til þess að fullnægja lánsþörfinni.

Minni hl. nefndarinnar telur sjálfsagt, að Alþingi verði við ósk sjóðsstjórnarinnar um þá ríkisábyrgð, er um getur í 1. gr. frumvarpsins.

Lán úr fiskveiðasjóði munu að mestu hafa verið stofnlán til bátaútvegsins og fiskvinnslustöðva. Óhjákvæmilegt er að sjá þessum mikilsverðu atvinnugreinum fyrir nauðsynlegum stofnlánnum. En það er ekki nóg að veita fiskveiðasjóði ríkisábyrgð til erlendra lántöku í þessu skyni. Hann þarf jafnframt að fá tryggingu fyrir því að verða ekki fyrir fjárhagslegu tjóni, sem er honum um megn, ef til gengislækkunar kemur, eftir að hann hefur lánað hið erlenda fé út aftur í íslenzkrum krónum. Á síðasta ári varð hann fyrir verulegu tjóni af þeirri gengisbreytingu, er þá var framkvæmd. Er skiljanlegt, að sjóðurinn megi ekki við því að verða fyrir slíkum áföllum hvað eftir annað.

En eins og fiskveiðasjóður er þess ekki megnugur að taka á sig gengisáhættu án baktryggingar, þá má t. d. hið sama segja um hvern þann útgerðarmann, sem kaupir sér fiskiskip og skuldar mikinn hluta kaupverðsins í erlendum gjaldeyri. Gengislækun gæti orðið honum þungur baggi, jafnvel svo þungur, að útgerð hans stæðist ekki þá byrði. Það er því full nauðsyn á því að dreifa meira þeirri áhættu, sem af gengisbreytingum stafar fyrir lántakendur erlends fjár en gert er með þessu frumvarpi.

Þótt umsækjendur um lán úr fiskveiðasjóði séu nauðbeygðir til að taka þar lán með gengisáhættu, af því að þeir eiga ekki kost annarra lána, þá er það vafasamt réttlæti, að þeir beri alla áhættuna, enda ráða þeir ekki neinu um það, hvenær gengisbreytingar eru framkvæmdar.

Minni hl. nefndarinnar telur eðlilegast, að athugað verði fyrir næsta þing, með hvaða hætti skuli mæta þeim áföllum, sem stafa af erlendum lántökum, þegar breytingar verða á gengisskráningu íslenzkrar krónu. Leggur minni hl. því til, að ríkissjóður bæti fiskveiðasjóði tap, er sjóðurinn kann að verða fyrir vegna gengislækkunar, á allt að 50 millj. kr. erlendu lánsfé, sem fengið yrði á þessu ári. Er breytingartillaga þess efnis flutt á sérstöku þingskjali. Nái sú breytingartillaga ekki samþykki deildarinnar, getur minni hl. nefndarinnar ekki mælt með samþykkt frv., þrátt fyrir það að hann er samþykktur 1. gr. þess.

Alþingi, 21. febr. 1961.

Sigurvin Einarsson.